



„Þetta snýst auðvitað alltaf um að búa til kúltúrinn“: Þátttaka foreldra í foreldrafræðslu í leik- og grunnskólum

Guðbjörg Fjóra Hannesdóttir, Lóa Guðrún Gísladóttir
og Anna Magnea Hreinsdóttir

► Abstract

► Um höfunda

► About the authors

► Heimildir

Greinin fjallar um mikilvægi foreldrafræðslu í leik- og grunnskólum og hvernig slík fræðsla getur styrkt foreldra í uppeldishlutverki sínu, aukið farsæld barna og stuðlað að betri tengslum milli skóla og heimila. Rannsóknin byggir á þróunarverkefninu *Föruneysi barna*, sem var unnið í samstarfi við leik- og grunnskóla og skólaþjónustu sveitarfélaga. Markmið rannsóknarinnar var að kanna sýn kennara og starfsfólks skólaþjónustu til foreldrafræðslu og kortleggja raunhæfar leiðir til að stuðla að þátttöku foreldra. Rannsóknin sýnir að foreldrar þurfa að hafa hvatningu og tækifæri til að sækja fræðslunámskeið. Þátttakendur bentu á að námskeið sem haldin væru á dagvinnutíma eða með stuðningi vinnustaða væru líklegri til að ná til fleiri foreldra. Mikil áhersla var lögð á að nýta leik- og grunnskóla sem vettvang fyrir foreldrafræðslu, þar sem skólar eru í lykilstöðu til að ná til foreldra. Niðurstöður benda til þess að markviss foreldrafræðsla geti orðið að eðlilegum hluta foreldrahlutverksins, ef hún er skipulögð sem hluti af skólastarfi og kynnt með jákvæðum hætti. Rætt var um mikilvægi persónulegrar nálgunar til að ná til foreldra, svo sem með símtölum og beinum samskiptum leiðbeinenda við foreldra til að auka þátttöku þeirra í foreldrafræðslu. Lagt er til að þróa þurfi nýja menningu þar sem foreldrafræðsla er sjálfsgæddur hluti af skólasamfélaginu. Með þessu má efla samstarf heimila og skóla, byggja upp traust og skapa samfélagslegar forsendur til að stuðla að farsælu uppeldi barna.

Efnisorð: foreldrafræðsla, samstarf, heimili og skóli, foreldrahlutverkið, uppeldi

Inngangur

Rannsóknir sýna að foreldrar gegna lykilhlutverki í farsæld barna sinna (Doepke og Zilibotti, 2024; Sigrún Aðalbjarnardóttir, 2019; Sigrún Júlíusdóttir, 2010). Mikilvægt er að foreldrar séu valdefldir í uppeldishlutverki sínu og rannsóknir benda til þess að jákvæð samskipti við börn séu einn mikilvægasti þátturinn í farsælu uppeldi (Sigrún Aðalbjarnardóttir, 2019). Þessir þættir mynda grunnstoðir foreldrafræðslu. Foreldrafræðsla eykur getu foreldra til að axla hlutverk sitt, draga úr óæskilegri hegðun barna og stuðla að jákvæðum samskiptum innan fjölskyldunnar (Demick, 2002; Overbeek o.fl., 2021; Rogers-Tanner og Rothe, 2016; Seabra-Santos o.fl., 2016; Thomas o.fl., 2005; Webster-Stratton og Reid, 2017). Þrátt fyrir þennan ávinning er þátttaka foreldra í fræðslu takmörkuð, eins og íslenskar rannsóknir hafa bent á (Hrönn Valgeirsdóttir o.fl., 2022; Sigrún Helgadóttir og Hrund Þórarins Ingudóttir, 2021).

Til að bregðast við þessari áskorun hafa stjórnvöld sett af stað ýmis verkefni tengd lögum nr. 86/2021 um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna. Lögin leggja áherslu á að tryggja farsæld barna með samþættingu félags-, heilbrigðis- og skólaþjónustu og gera börn og fjölskyldur að „hjarta kerfisins“. Þróunarverkefnið *Föruneysi barna*, sem hófst árið 2023 í samstarfi við Menntavísindasvið Háskóla Íslands, er hluti af þessari stefnu. Verkefnið hefur það að markmiði að bjóða foreldrum og umönnunaraðilum heildstæða og markvissa fræðslu og ráðgjöf (Stjórnarráð Íslands, 2023). Þverfaglegur stýrihópur með fulltrúum frá Mennta- og barnamálaráðuneyti, Háskóla Íslands, Barna- og fjölskyldustofu (BOFS) og Miðstöð menntunar og skólaþjónustu (MMS) hefur verið stofnaður til að tryggja árangur verkefnisins.

Leik- og grunnskólar voru valdir sem lykilvettvangur fræðslunnar vegna náinna tengsla þeirra við börn og foreldra. Með reglulegum samskiptum við fjölskyldur hafa kennarar og starfsfólk skólaþjónustu einstakt tækifæri til að koma fræðslu á framfæri. Samkvæmt *Aðalnámskrá grunnskóla 2011* (Mennta- og menningarmálaráðuneyti, 2011) er samstarf foreldra, kennara og nemenda nauðsynlegt fyrir farsæld barna. Þessi nálgun er í samræmi við áherslur verkefnisins, þar sem foreldrar, skólar og skólaþjónusta vinna saman að því að byggja upp umhverfi sem styður uppeldi og nám barna (Stjórnarráð Íslands, 2024).

Þátttaka leik- og grunnskóla í verkefninu fór fram úr væntingum, þar sem 60 skólar skráðu sig til leiks (Stjórnarráð Íslands, 2023). Reglulegir umræðufundir voru haldnir með kennurum og starfsfólki skólaþjónustu til að afla gagna um hvernig megi tryggja þátttöku foreldra og hámarka árangur fræðslunnar. Bjóða þarf upp á sveigjanlega tímasetningu og skapa traust á milli kennara og foreldra til að stuðla að betri samskiptum og þátttöku. Þegar heildræn foreldrafræðsla er innleidd þarf einnig að þjálfa leiðbeinendur til að leiða fræðsluna og stuðla að samstarfi milli heimila og skóla. Rannsóknir benda til þess að fræðsla, skipulögð af aðilum sem foreldrar treysta, hafi mun meiri áhrif en ella (Epstein, 2011; Hornby og Lafaele, 2011). Með þessari nálgun má skapa sjálfbært samstarf sem byggist á gagnkvæmu trausti og stuðlar að farsæld barna (Heimili og skóli, e.d.).

Foreldra- og uppeldishlutverkið

Samkvæmt íslenskum lögum bera foreldrar ábyrgð á uppeldi barna sinna. Þeir skulu vernda þau, sýna þeim virðingu og umhyggju og tryggja að börn fái fræðslu sem hæfir áhugasviði þeirra og hæfileikum (barnalög nr. 76/2003; barnaverndarlög nr. 80/2002). Í lögum um grunnskóla (nr. 91/2008) er jafnframt lögð áhersla á að foreldrar fylgist með og styðji skólagöngu barna sinna, sem gerir þá að mikilvægum bandamönnum menntakerfisins. Samvinna heimila og skóla, byggð á gagnkvæmri virðingu og trausti, er lykilatriði, eins og kemur fram í Menntastefnu til ársins 2030 og aðalnámskrám grunn- og leikskóla (Mennta- og menningarmálaráðuneyti, 2011, 2012). Þar er kveðið á um að foreldrar taki virkan þátt í námi barna sinna og séu í góðu samstarfi við skólana.

Foreldrahlutverkið krefst fjölbreyttrar færni sem þróast með reynslu. Hún felur í sér næmni gagnvart þörfum barnsins, hæfni til að veita ást og hlýju, leiðsögn, mörk og hvatningu til jákvæðrar hegðunar (Ainsworth o.fl., 1978/2015; Ndengeyingome o.fl., 2022; Sigrún Aðalbjarnardóttir, 2019). Rannsóknir hafa sýnt að leiðandi uppeldishættir, sem stuðla að jákvæðri sjálfsmynd, félagsfærni og tilfinningalegum þroska, eru almennt taldir farsælastir fyrir börn (Baumrind, 1966; Lavrič og Naterer, 2020). Þeir draga úr áhættuhegðun barna og auka líkur á velgengni í námi og lífi (Sigrún Aðalbjarnardóttir, 2019). Hins vegar benda íslenskar rannsóknir til þess að foreldrar þurfi meiri stuðning og fræðslu um uppeldi en nú er í boði (Sigrún Helgadóttir og Hrunn Þórarins Ingudóttir, 2021).

Rannsóknir um uppeldishætti benda einnig til þess að leiðandi uppeldi stuðli að betri líðan og sjálfsmynd barna, betri námsárangri og minni líkum á áhættuhegðun, samanborið við aðra uppeldishætti (Baumrind, 1966; Maccoby og Martin, 1983; Sigrún Aðalbjarnardóttir, 2019). Slík samskipti og tengsl milli foreldris og barns hafa jákvæð áhrif á vellíðan, námsárangur og félagsfærni barna (Morris o.fl., 2020; Sigrún Aðalbjarnardóttir, 2019).

Ýmsir áhrifaþættir, eins og streita, áföll og fjárhagslegar áhyggjur, geta þó skert getu foreldra til að sinna uppeldishlutverki sínu. Þetta hefur neikvæð áhrif á samskipti og stuðning til barna (Annadís Greta Rúðólfsdóttir og Auður Magnús Auðardóttir, 2020; Bradly, 2019). Þrátt fyrir áskoranir hafa rannsóknir sýnt að þegar foreldrar eru virkir þátttakendur í lífi barna sinna og eiga uppbyggileg samskipti við þau, hefur það jákvæð áhrif á velferð barnanna (Ragný Þóra Guðjohnsen og Ársæll Arnarsson, 2021; Sigrún Aðalbjarnardóttir, 2019). Þetta undirstrikar mikilvægi þess að styðja við foreldra og valdefla þá í hlutverki sínu.

Mikilvægt er að foreldrar hafi tækifæri til að hittast og mynda sterk félagsleg tengsl sín á milli. Slíkt stuðlar að virku eftirliti á unglingsárum þegar félagsnet barna stækkar og samskipti við jafnaldra aukast. Rannsóknir sýna að foreldraeftirlit, byggt á leiðandi uppeldisháttum, styrkir samband foreldra og barna, bætir líðan barna og undirbýr þau fyrir áskoranir framtíðarinnar (Collins og Madsen, 2019; Parke o.fl., 2002). Virkt eftirlit stuðlar einnig að trausti milli foreldra og barna og eykur líkur á að börn leiti til foreldra þegar á reynir. Í ljósi markmiða laga um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna (nr. 86/2021) er ljóst að leiðandi uppeldi og virkt foreldraeftirlit skipta sköpum fyrir farsæld barna. Þessi nálgun stuðlar að sterkum samböndum innan fjölskyldunnar og eykur líkur á að börnin njóti góðrar líkamlegrar, andlegrar og félagslegrar heilsu.

Foreldrafræðsla: Mikilvægi forvarna og hvatningar

Í lögum um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna (nr. 86/2021) er þjónusta veitt á þremur þjónustustigum. Á fyrsta þjónustustiginu er grunnþjónusta veitt sem er aðgengileg öllum börnum og foreldrum. Getur markviss og heildræn foreldrafræðsla talist til fyrsta stigs þjónustu og ætti að vera mikilvægur þáttur vegna ávinnings hennar (sjá t.d. Morris o.fl., 2020; Sigrún Helgadóttir og Hrunn Þórarins Ingudóttir, 2021; Smith o.fl., 2002). Foreldrafræðsla rímar einnig vel við *Farsældarsáttmálann* sem er samningur á milli Heimilis og skóla og Mennta- og barnamálaráðuneytisins. Hann snýr meðal annars að styrkingu foreldrastarfs í skólum og valdeflingu foreldra (Heimili og skóli, e.d.).

Á Íslandi eru í boði ýmis fræðslunámskeið fyrir foreldra, meðal annars á vegum Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins (e.d.), sjálfstætt starfandi uppeldisfræðinga eða á vegum sveitarfélaga. Hins vegar hefur venjan verið sú að með foreldrafræðslu er verið að bregðast við vanda þegar hann kemur upp hjá barni eða foreldri, frekar en sem fyrirbyggjandi úrræði eða sem grunnþjónusta. Niðurstöður rannsóknar Sigrúnar Helgadóttur og Hrunnar Þórarins Ingudóttur (2021) sýndu að grunnskólakennarar telja skort vera á nægjanlegu framboði af fræðslu fyrir foreldra varðandi uppeldi barna, með sérstakri áherslu á að kenna foreldrum að setja börnunum mörk, sem oft reynist áskorun fyrir foreldra. Kennararnir telja brýnt að slík fræðsla eigi sér stað áður en „ófremdarástand“ skapast. Sambærilegar niðurstöður komu fram í rannsókn Hranar Valgeirsdóttur og félaga (2022), þar sem deildarstjórar í leikskólum töldu foreldra þurfa aukna fræðslu um ýmsa þætti, þar á meðal um aga, þroska barna og samskipti. Þessar niðurstöður undirstrika mikilvægi þess að veita foreldrum stuðning og þjónustu sem miðar að því að efla uppeldishæfni þeirra og bæta samskipti foreldra og barna. Auk þess gefa þessar niðurstöður vísbendingar um að ákall sé frá vettvangi eftir foreldrafræðslu.

Foreldrafræðsla, eins og hún er sett fram í kenningum Thomas (1996) og Thomas o.fl. (2005), hefur það að markmiði að styðja og styrkja foreldra í uppeldishlutverki sínu. Þær kenningar hafa einnig verið lykilþáttur í námsleiðinni *Foreldrafræðsla og uppeldisráðgjöf* við Menntavísindasvið Háskóla Íslands. Með þeim kenningum er lögð áhersla á að efla hæfni foreldra til að skilja og mæta þörfum barna sinna og bæta næmni í samskiptum (Thomas o.fl., 2005). Í kenningum Thomas (1996) kemur fram að foreldrar standa ekki einir í viðleitni sinni til að auka *foreldravitund* sína. Kenning Newberger (1980, 1987) um foreldravitund (e. parental awareness), byggir á kenningum Piaget (1965), Kohlberg (1969) og Selman (1980) sem fjalla um þroskaferli vitsmunastiga og breytingar á skilningi á samskiptum milli einstaklinga, yfirfært á foreldrahlutverkið. Sú kenning lýsir vitsmunalegu ferli sem foreldrar nota til að túlka hegðun og viðbrögð barna sinna. Foreldravitund getur verið meðvituð eða ómeðvituð og hefur áhrif á hvernig foreldrar bregðast við þörfum og hegðun barna sinna. Þessi kenning skiptist í fjögur stig og reynist hagnýtt verkfæri til þess að skilja foreldra og átta sig á hvar þeir standa. Þá

geta fagaðilar frekar mætt foreldrum þar sem þeir eru staddir í hlutverki sínu og þroska og stutt við þá. Foreldrafræðsla sem byggir á samræðum, ígrundunum, myndböndum, hlutverkaleikum og heimaæfingum er talin farsæl til árangurs (Hornstra o.fl., 2021; Rønning og Bjørkly, 2019; Thomas o.fl., 2005).

Mikilvægi forvarna í foreldrafræðslu verður því ekki vanmetið. Með því að „byrgja brunninn áður en barnið fellur ofan í“ á fyrsta stigi þjónustu, má draga úr þörf fyrir íhlutun á annars og þriðja stigs þjónustu (lög um samþættingu í þágu farsældar barna nr. 86/2021). Með því að foreldrar sækja sér fræðslu sem stuðlar að bættum tengslum við börnin og tileinki sér leiðandi uppeldisaðferðir, aukast líkur á að börnunum gangi vel í skóla, líði vel og ljúki framhaldsskóla við 22 ára aldur (Hrund Þórarinsdóttir og Sigrún Aðalbjarnardóttir, 2010; Sigrún Aðalbjarnardóttir, 2019).

Foreldrar á Íslandi virðast hafa almennt áhuga á að efla sig í foreldrahlutverkinu og sýna vilja til að sækja sér fræðslu (Hrund Þórarinsdóttir og Sigrún Aðalbjarnardóttir, 2010). Hins vegar benda nýlegar rannsóknir til þess að margir foreldrar upplifi töluverðan tímaskort, aukinn þrýsting og miklar kröfur í foreldrahlutverkinu (Annadís Greta Rúdólfssdóttir og Auður Magnús Auðardóttir, 2024; Hrönn Valgeirsdóttir o.fl., 2022; Sigrún Helgadóttir og Hrund Þórarins Ingudóttir, 2021). Því er brýn þörf á að komast að því hvernig hægt er að mæta þörfum foreldra og þróa úrræði ásamt að finna hentugar tímasetningar sem gera þeim kleift að sækja námskeið í uppeldi barna.

Til að auka þátttöku foreldra í foreldrafræðslu þarf að vinna ötullega að því að finna hvers konar hvatar virka. Merriam og Bierema (2014) skilgreina hvata meðal annars sem orku sem einstaklingur hefur til þess að ljúka við verkefni. Samkvæmt Ryan og Deci (2020) geta hvatar verið bæði innri (e. intrinsic) og ytri (e. extrinsic). Innri hvatar byggja á eigin löngunum til að taka þátt í verkefni á meðan ytri hvatar tengjast utanaðkomandi þáttum, eins og umbun eða félagslegu samþykki frá öðrum. Þróa þarf lausnir sem styðja við löngun foreldra til að efla uppeldishlutverkið, á sama tíma og áhersla er lögð á raunhæfa hvata sem gera þátttöku aðlaðandi og framkvæmanlega. Með því að huga að þeim þáttum mætti efla mætingu og þátttöku foreldra á foreldranámskeið – sem hefur margvíslegan ávinning í tengslum við farsælt uppeldi og þroska barna.

Foreldrafræðsla: Samfélagsleg samstaða og stuðningur

Foreldrafræðsla skapar mikilvægan vettvang fyrir foreldra til að hittast, ræða málefni og styrkja tengslanet sitt. Hún veitir ekki aðeins stuðning í uppeldishlutverkinu heldur stuðlar einnig að samfélagslegri samstöðu meðal foreldra (Sigrún Aðalbjarnardóttir, 2019; Thomas o.fl., 2005). Auður Magnús Auðardóttir (2023) bendir á að margir þættir tengdir skólagöngu og tómstundum barna geti reynst foreldrum streituvaldandi, sérstaklega mæðrum sem oft bera þungann í uppeldinu. Að deila reynslu, hugmyndum og ráðum við aðra foreldra getur því verið lykilþáttur í að draga úr streitu, auka andlega vellíðan og bæta samskipti og sambönd innan fjölskyldunnar.

Foreldrafræðsla hefur tvíþætt hlutverk – hún er bæði hluti af grunnþjónustu og nýtist sem íhlutun fyrir foreldra sem standa frammi fyrir flóknari áskorunum, svo sem hegðunarerfiðleikum, kvíða eða ofvirkni barna (Morris o.fl., 2020). Rannsóknir benda til þess að slík fræðsla geti veitt foreldrum dýpri skilning á foreldrahlutverkinu og þroska barna, sem eflir jákvæð samskipti og styrkir tengsl milli foreldra og barna (Morris o.fl., 2020; Smith o.fl., 2002; Thomas o.fl., 2005).

Ávinningur foreldrafræðslu er fjölþættur. Walker (2011) tók saman helstu áhrif hennar, þar á meðal aukið sjálfstraust foreldra, bætta hegðun barna, aukinn námsárangur og betri heilsu. Siegel og Hartzell (2014) benda á að fyrstu tengsl barna við foreldra leggi grunn að framtíðarsambandi þeirra og vellíðan. Öruggeðtengsl, þar sem börn upplifa að tekið sé mark á þörfum þeirra og uppeldið er fyrirsjáanlegt, eru verndandi þáttur gegn áhættuhegðun (Ainsworth, 2000; Belsky, 2006; Siegel og Hartzell, 2014; Sigrún Aðalbjarnardóttir, 2019).

Þegar örugg tengsl og jákvæð samskipti foreldra og barna eru höfð að leiðarljósi eykst samskiptafærni barna, sjálfsálit þeirra verður sterkara og námsárangur betri. Jafnframt dregur úr hegðunarferðleikum og áhættuhegðun (Ragný Þóra Guðjohnsen og Ársæll Arnarsson, 2021; Rebicova o.fl., 2020; Sigrún Aðalbjarnardóttir, 2019). Chuang og félagar (2020) benda á að skortur á jákvæðri kennslu í samskiptum geti leitt til andfélagslegrar hegðunar barna, sem undirstrikar mikilvægi þess að foreldrafræðsla sé aðgengileg öllum og samræmd stefnu skóla og samfélags.

Foreldrafræðsla er einnig mikilvægur þáttur í samstarfi heimila og skóla. Herman og Reinke (2017) leggja áherslu á að þátttaka foreldra í skólaumhverfinu geti spornað gegn áhættuhegðun barna. Því ætti foreldrafræðsla að vera grundvallarþáttur í stefnu sem stuðlar að farsæld barna og bættri samvinnu heimila og skóla.

Foreldrafræðsla og hlutverk skóla

Sigrún Aðalbjarnardóttir (2019) leggur til að foreldrafræðsla verði foreldrum að kostnaðarlausu til að tryggja aðgengi allra. Hún bendir á að slík fræðsla ætti að fara fram í upphafi leik- eða grunnskólagöngu barna til að ná til sem flestra foreldra. Þátttaka foreldra í skólastarfi er talin skipta miklu máli fyrir námsgengi barna, ásamt hvernig uppeldishættir foreldra hafa áhrif á börn. Börn leiðandi foreldra treysta á stuðning þeirra, upplifa að foreldrarnir fylgist með árangri þeirra og setji skýr mörk.

Í lögum um leikskóla (nr. 90/2008) og grunnskóla (nr. 91/2008) er lögð áhersla á mikilvægi samstarfs milli skóla og foreldra. Tengslin skulu vera bæði formleg og óformleg, með það að markmiði að tryggja samfellu og samvinnu þegar börn færast milli skólastiga (Cook o.fl., 2018). Góð samskipti milli leik- og grunnskóla og foreldra eru lykilatriði í að stuðla að farsælu skólastarfi og velferð nemenda. Þrátt fyrir þetta benda rannsóknir til þess að kennarar upplifi hlutverk sitt sem margþætt og flókið, þar sem umhyggja fyrir vellíðan nemenda vegur þungt. Jafnframt hafa kennarar orðið varir við auknar kröfur um leiðbeiningar í samskiptum og uppeldi, og sumir upplifa að ábyrgðin sé of mikil á þeirra herðum (Erla Sif Markúsdóttir og Lilja M. Jónsdóttir, 2016; Sigrún Helgadóttir og Hrund Þórarins Ingudóttir, 2021). Þrátt fyrir þessar áskoranir leggja margir kennarar sig fram um að byggja upp góð samskipti við foreldra, til dæmis með reglulegum viðtalstímum yfir skólaárið.

Reynsla af foreldranámskeiðum erlendis hefur sýnt fram á jákvæð áhrif á samskipti milli kennara og foreldra, sem stuðlar að bættri vellíðan nemenda (Herman og Reinke, 2017; Thompson o.fl., 2017). Hóþamiðað námskeið nýttast einnig vel til að víkka út tengslanet foreldra og draga úr einangrun sem margir foreldrar upplifa (Webster-Stratton og Reid, 2010). Sigrún Aðalbjarnardóttir (2019) leggur því til að skólar taki virkan þátt í að halda utan um foreldrafræðslu í nánú samstarfi við foreldra. Með því megi skapa lærdómssamfélag þar sem foreldrar fá stuðning og vettvang til að ræða málefni barna sinna. Kennari í rannsókn Sigrúnar Helgadóttur og Hrundar Þórarins Ingudóttur (2021) er sammála þessu og bendir á að best sé að kennarar sjái um fræðsluna, þótt hann óttist dræma mætingu foreldra og leggi áherslu á að finna leiðir til að efla skuldbindingu þeirra.

Samkvæmt lögum um grunn- og leikskóla (nr. 90/2008 og nr. 91/2008) og reglugerð um skólaþjónustu (nr. 444/2019) ber sveitarfélögum að veita skólaþjónustu sem styður börn, foreldra og kennara. Skólaþjónustan skal sinna forvarnarstarfi, ráðgjöf og mynda góð tengsl við skóla og foreldra, í samræmi við markmið aðalnámskráa leik- og grunnskóla (Mennta- og menningarmálaráðuneyti, 2011, 2012). Þar er lögð áhersla á að foreldrar séu virkir þátttakendur í skólastarfi og fái stuðning í uppeldishlutverkinu.

Barnið þarfnast öflugs stuðningsnets sem styður þroska þess og vellíðan. Líkt og Hrund Þórarinsdóttir og Sigrún Aðalbjarnardóttir (2010) benda á, ber samfélaginu að skapa umgjörð sem auðveldar foreldrum að sinna hlutverki sínu. Sveitarfélög og ríki þurfa því að vinna saman að því að byggja upp þjónustu og úrræði, líkt og lagt er til með þróunarverkefninu *Föruneysi barna*. Slík samvinna milli skólasamfélagsins og foreldra getur stuðlað að farsæld barna og fjölskyldna (Stjórnarráð Íslands, 2023, 2024).

Markmið, tilgangur og rannsóknarspurningar

Markmið þessarar rannsóknar er að skoða hlutverk leik- og grunnskóla í foreldrafræðslu og ráðgjöf til foreldra um uppeldi og nám barna þeirra. Tilgangurinn er að kortleggja þörfina á fræðslu, greina árangursríkar leiðir til að efla samstarf skóla og foreldra og stuðla þannig að snemmtækum stuðningi við börn og foreldra.

Rannsóknarspurningar:

- Hvert er hlutverk skóla hér á landi í foreldrafræðslu?
- Hvaða leiðir eru færar til að efla samstarf leik- og grunnskóla og foreldra í stuðningi við uppeldi og nám barna?

Aðferð

Rannsóknin byggir á eigindlegri aðferðarfræði, sem er vel til fallin þegar tilgangurinn er að öðlast dýpri skilning á afmörkuðu efni. Þessi nálgun veitir tækifæri til að kafa djúpt í reynslu þátttakenda og greina heildarsýn á málefnið.

Um 30 leikskólar, 30 grunnskólar og sjö skólaþjónustur tóku þátt í rannsókninni. Þátttakendur voru stjórnendur, kennarar á báðum skólastigum og starfsfólk skólaþjónustu. Þeim var skipt í fjóra umræðuhópa; skólaþjónustu, leikskóla, yngsta stig grunnskóla og miðstig grunnskóla. Hver hópur tók þátt í þremur umræðufundum, samtals tólf fundum. Fundirnir voru haldnir reglulega í tengslum við þróunarverkefni um foreldrafræðslu og fóru fram á *Zoom*. Hver fundur stóð yfir í 45–60 mínútur og sóttu þá um 15–20 manns.

Gögnin samanstóðu af upptökum frá umræðufundum sem voru afrituð orðrétt og þemagreind samkvæmt aðferð Clarke og Braun (2013). Þemagreiningin fól í sér marglesningu gagna til að leita að endurteknum mynsturþemum. Kóðar voru flokkaðir saman og leiddu til þriggja meginþema: (1) foreldrafræðsla aðlöguð að þörfum foreldra, (2) menning um foreldrafræðslu mótuð og (3) persónuleg nálgun: lykill að árangri í foreldrafræðslu.

Umræðufundirnir höfðu fyrir fram ákveðin viðfangsefni sem rædd voru í rýnihópum. Á fyrsta fundi var rætt um aðkomu skóla að foreldrafræðslu og hlutverk kennara. Á öðrum fundi var fjallað um hvernig best væri að fá foreldra til að taka þátt, hvar og hvenær fræðslan ætti að fara fram. Þriðji fundurinn sneri að hlutverki skólaþjónustu í uppeldisráðgjöf til foreldra. Rýnihópaviðtöl, eins og þau sem framkvæmd voru í þessari rannsókn, bjóða upp á ríkuleg gögn á skömmum tíma og dýpri skilning á reynslu þátttakenda (Sóley S. Bender, 2016).

Allir þátttakendur sóttu kynningarfund í upphafi rannsóknar og samþykktu upptöku á umræðufundunum. Gætt var að nafnleynd og voru gögn vistuð á öruggan hátt og eytt að vinnslu lokinni.

Takmarkanir

Ein helsta takmörkun rannsóknarinnar er að þátttakendur sóttu um að taka þátt í henni, sem gæti þýtt að þeir sem tóku þátt væru áhugasamari um foreldrafræðslu en aðrir. Þetta gæti haft áhrif á hversu vel niðurstöðurnar má yfirfæra á almenna skólasamfélagið.

Niðurstöður

Niðurstöður eru settar fram í samræmi við þau þemu sem fram komu í gagnagreiningu. Í þessum kafla verður greint frá hverju þema og undirþema nánar og dregin fram dæmi sem varpa ljósi á innihald og merkingu hvers þema fyrir sig í gegnum raddir þátttakenda.

Foreldrafræðsla aðlöguð að þörfum foreldra

Ein af megináherslum í máli þátttakenda í rýnihópunum var að auðvelda þátttöku foreldra í foreldranámskeiðum með því að aðlaga tilhögun námskeiðs að þörfum foreldra. Að mati þátttakenda var lykilatriði að finna hentugan tíma fyrir námskeiðin, en það væri áskorun þar sem foreldrar vinna ekki allir á sama tíma. Einn þátttakandinn lýsti þessu á eftirfarandi hátt:

Vegna þess að ég held að bara ef það er vilji til að koma eða fólki finnst það mikilvægt eða áhugi þá kemur fólk og það finnur leið, og við erum náttúrlega með þannig samfélag í dag að fólk er að vinna fjarvinnu, það er að vinna vaktavinnu, sumir eru ekki að vinna, aðrir eru í skóla, þannig þetta gamla – þegar allir voru að vinna frá átta til fimm eða fjögur og það þurfti að vera fundur klukkan sex – það bara, það á bara eiginlega ekki við, sko, nema kannski á einhverjum minni stöðum þar sem að bara flestir vinna á sama vinnustað.

Fram komu ýmsar tillögur að hentugum tíma fyrir fræðsluna en engin ein tímasetning var talin henta öllum. Þó voru flest allir þátttakendur rýnihópanna sammála um að best væri að halda námskeið á dagvinnutíma, annaðhvort á morgnana eða síðdegis. Þá bentu þátttakendur á að ef námskeiðið yrði haldið á dagvinnutíma, væri mögulegt að nýta leik- og grunnskóla og frístund „svo að börnin væru örugg á leikskólanum og ekki þyrfti að redda pössun“. Slíkt myndi létta á foreldrum.

Þá var rætt um aðkomu atvinnulífsins og stuðning þess við starfsmenn með því að gefa foreldrum tækifæri til að sækja fræðslu á vinnutíma, eða eins fram kom hjá þátttakanda í einum hópnunum:

Vinumarkaðurinn myndi taka þátt í þessu, að foreldrar fengju bara leyfi úr vinnu til að sinna þessu, þetta væri bara hluti af því að eignast barn.

Annar þátttakandi lýsti dæmi um fræðslu í skóla þar sem foreldrum var boðið að mæta milli kl. 16 og 18. Hann sagði að á meðan foreldrar sátu fræðslunámskeið þá:

... voru, hérna, starfsmenn í skóla og frístund – sem sagt skólafrístundaliðar – sem sáu um einhverja útigæslu á meðan og svo voru pulsar fyrir alla þannig það fór enginn svangur heim.

Að mati þátttakenda þarf að fá fram sjónarmið foreldra og kynnast aðstæðum þeirra til að fá betri skilning á þörfum þeirra og óskum. Lagt var til að halda jafnvel „kosningu“ meðal foreldra til að ákvarða tímasetningu námskeiða, með það að markmiði að koma til móts við sem flesta og tryggja að fræðslan verði aðgengileg öllum.

Skólar sem lykilvettvangur foreldrafræðslu

Rýnihópaviðtölin leiddu í ljós mikilvægi þess að nýta skólana sem vettvang fyrir foreldrafræðslu. Kennarar og starfsfólk hafa beina aðkomu að foreldrum og búa yfir einstöku tækifæri til að ná til þeirra í gegnum börnin. Einn þátttakandinn benti á að „í sumum tilfellum sé skólinn það eina sem fólk eigi sameiginlegt“. Samt sem áður komu fram áhyggjur, einkum meðal kennara á miðstigi, um að þeir foreldrar sem brýnast væri að ná til myndu líklega ekki mæta nema þátttakan yrði skyldubundin.

Kennarar upplifðu einnig að foreldrar væru líklegri til að leita til þeirra varðandi ráðgjöf með uppeldistengd málefni þegar allt væri komið í „óefni“. Einn þátttakandinn sagði:

Það er oft þegar vandamálin eru orðin risastór og, hérna, auðvitað reynir maður að aðstoða eftir fremsta megni, [...] umsjónarkennari barnsins þíns, hann er í svona kjörstöðu til þess að reyna að mynda svona traust samband við foreldri.

Þetta undirstrikar mikilvægi skóla sem vettvangs fyrir foreldrafræðslu og -ráðgjöf, þar sem traust samband milli foreldra og kennara getur stuðlað að markvissari stuðningi. Þátttakendur voru sammála um að traust foreldra til þeirra, sem kennara eða starfsfólks leik- og grunnskóla, væri mikilvægt, bæði til að veita ráðgjöf og til að skapa forsendur fyrir farsælu samstarfi milli skóla og heimila. Skólinn hefur því mikilvægu hlutverki að gegna við að miðla fræðslu og þjónustu sem getur stutt foreldra í uppeldishlutverki sínu.

Rætt var um hlutverk skólaþjónustunnar í uppeldisráðgjöf til foreldra, en einn þátttakandi benti á að foreldrar þekktu hlutverk skólaþjónustu ekki vel og væru oft ómeðvitaðir um þá þjónustu sem hún býður upp á. Það væri því „mikilvægt að upplýsa foreldra strax“ í upphafi skólagöngu um þau námskeið og þá þjónustu sem skólaþjónusta sveitarfélaga hefur upp á að bjóða. Þátttakendur voru sammála um að skólaþjónustan þyrfti að ná betur til foreldra og tryggja að þeir fengju reglulegar upplýsingar um þá þjónustu sem í boði er hverju sinni.

Menning um foreldrafræðslu mótuð

Einn af rauðum þráðum í máli þátttakenda var þörfin á að skapa nýja menningu um foreldrafræðslu hér á landi og breyta viðhorfum og venjum samfélagsins gagnvart slíkri fræðslu. Þátttakendur, einkum úr hópi skólaþjónustu og leikskóla, lögðu áherslu á að gera foreldrafræðslu að reglubundnum þætti í lífi foreldra, þar sem allir foreldrar tækju reglulega þátt í námskeiðum. Þessi nálgun var talin leiða til þess að foreldrafræðsla yrði „eðlilegur hluti“ þess að eiga barn og stuðla að jákvæðari viðhorfum gagnvart að sækja sér stuðning eða fræðslu í tengslum við uppeldishlutverkið, eins og einn þátttakandi sagði: „Það þarf að gera þetta að venju í samfélaginu.“

Fram kom að hingað til hafa foreldrar ekki verið skyldugir að sækja námskeið eða skipulögð fræðsluerindi í uppeldi barna. Margir þátttakendur töldu að slíkt fyrirkomulag ætti að breytast. Í umræðum rýnihópanna kom fram hugmynd um að nýta umbun til að hvetja foreldra til þátttöku. Til dæmis var nefnt í einum hópi að hægt væri að veita afslátt af leikskólagjöldum ef foreldrar myndu sækja námskeið og samlíking um hundahald kom til tals:

Við vorum náttúrllega tvær í þessum hóp sem eiga hunda sem höfðum þurft að fara á námskeið þegar við fengum okkur hund; þá fær maður afslátt á hundagjöldunum. Það er kannski eitthvað sem er hægt að bjóða, hérna, foreldrum, afslátt af leikskólagjöldum fyrsta árið ef þau fara á, hérna þú veist, sex vikna námskeið um uppeldi barna.

Ýmsar hugmyndir að ytri hvata komu fram hjá þátttakendum sem hægt væri að nota fyrir foreldra. Einn umræðuhópurinn velti fyrir sér hvort hægt væri að taka upp sams konar umbunarkerfi og varðandi hundagjöldin og í því samhengi kom fram að það ætti að vera eins eðlilegt að fara á uppeldisnámskeið þegar þú ert að eignast barn og að fara á hundanámskeið þegar þú færð þér hund. Þátttakandi frá miðstigi lagði áherslu á forvarnargildi foreldrafræðslu og sagði að „þegar fram í sækir geti bæði sparað mikið fjármagn og tíma ef að skólaþjónusta tekur að sér að skipuleggja markvissa foreldrafræðslu af því að við erum svolítið í að reyna að gera eitthvað þegar barnið er dottið ofan í brunninn“.

Þátttakendur lögðu áherslu á að foreldrafræðslan yrði hluti af lífshlaupi foreldra, allt frá leikskólaaldri barna til unglingsára. Einn þátttakandinn úr skólaþjónustunni sagði:

Þetta verður bara þannig að þegar ég á barn þá er það [við] upphaf leikskólagöngu, við upphaf grunnskólagöngu á yngsta stigi, miðstigi, unglingsstigi, að ég fer á þessar venjur og ég sé að [ég er að] missa af einhverju ef ég fer ekki.

Þátttakendur rýnihópsins á miðstigi lögðu til að foreldrafélög, -ráð og bekkjarfulltrúar gætu spilað lykilhlutverk í að kynna foreldrafræðsluna og hvetja til þátttöku:

[...] ef að þeir eru kannski upplýstir um innleiðinguna, þú veist, og mundu, svona af því að það er náttúrlega hluti af skólasamfélaginu, mundu þá kannski svona, já, breiða út, kannski, vera skrefi á undan og vita þá um hvað málið snýst [...] og koma með eitthvað jákvætt viðhorf fyrir þessu [...] sem væri hægt að breiða út af því að við ætlum, við erum að tala um alltaf að þetta sé bara og verði bara svona eins og eðlilegur hlutur og inn í menningunni og kannski biðja þessa hópa að bara, já, styðja við þá eða hvetja til þess.

Einn þátttakandi sagði frá því að innan síns skóla hefði verið í gangi vinna við að efla foreldraráð svo að það væri „brautryðjandi í bæði svona fræðslu og upplýsingum til foreldra“ og töldu kennararnir verkefnið hafa gengið vel.

Þátttakendur töldu mikilvægt að stuðla að jákvæðu viðhorfi gagnvart fræðslunni með því að gera hana eðlilegan hluta af menningu skólasamfélagsins. Í því sambengi sagði einn þátttakandi: „Þetta snýst auðvitað alltaf um að búa til kúltúrin og búa til virðingu fyrir þessu hlutverki sem þau þurfa að sinna.“

Hugmyndir voru uppi um að breyta þyrfti orðræðunni í kring um foreldrafræðslu og að gera þyrfti ráð fyrir að foreldrar mættu, með því til dæmis að spyrja ekki hvort foreldrar ætluðu að mæta „heldur bara eins og þetta bara að spyrja hvort ykkar kemur“ sagði einn þátttakandinn.

Loks voru þátttakendur sammála um að vettvangur leik- og grunnskóla væri hjartað í verkefninu, þar sem flestir foreldrar leituðu fyrst til kennara þegar vandamál kæmu upp. Með markvissri foreldrafræðslu á þeim vettvangi mætti draga úr álagi á foreldra og kennara og stuðla að bættri samvinnu milli heimila og skóla til hagsbóta fyrir börnin. Þetta væri ekki aðeins til þess fallið að bæta foreldrahlutverkið heldur einnig að breyta menningu samfélagsins og styrkja tengsl foreldra og kennara í þá átt að foreldrafræðsla væri sjálfsgæður og viðurkenndur hluti af uppeldisferlinu.

Persónuleg nálgun: Lykill að árangri í foreldrafræðslu

Þátttakendur lögðu áherslu á mikilvægi persónulegrar nálgunar kennara í samskiptum við foreldra til að hvetja þá til þátttöku í foreldranámskeiðum. Með persónulegri nálgun var átt við að byggja á tengslum kennara og foreldra með því að hafa beint samband við þá, til dæmis með því að hringja eða minna þá á að mæta á námskeið eða fundi. Þátttakandi úr skólaþjónustunni lýsti reynslu sinni af slíku varðandi námskeið sem haldið var:

[...] hringt í alla foreldra og þá var hreinlega bara spurt hvort ykkar kemur á fundinn? [...] Það komu fleiri foreldrar heldur en höfðu skráð sig.

Svipuð reynsla kom fram hjá öðrum þátttakanda sem bætti við að sambland af tölvupósti, auglýsingum á heimasíðu skólans og símtölum hefði skilað góðum árangri í mætingu:

Það var bæði sen[dur] tölvupóstur og það var þetta birt á heimasíðu skólanna og svo fóru sumir í það að hringja í foreldra [...], hvort mætir þú eða hann eða hann eða hún?

Rýnihópar frá yngsta stigi grunnskóla undirstrikuðu mikilvægi þess að sýna foreldrum að þeir og börn þeirra væru „virkilega“ boðin velkomin í skólann. Þessi nálgun byggði á því að virkja foreldra með hlýju og áhuga, eins og einn þátttakandinn orðaði það:

Nokkrir sem ég talaði við, sko, sögðu, hérna, að þeim fyndist eins og þeir væru virkilega óskað í skólann, vegna þess að skólinn var að ganga eftir því að þeir svöruðu tölvupósti og þeir sem ekki svöruðu – það var bara hringt í þá og eitt foreldrið sagði bara: Þú veist, vá, það var bara hringt í mig, þeir vilja virkilega fá mig, það er best að ég drífi mig, sko. Þannig að við líka svona sýnum bara í verki að við viljum virkilega fá foreldrana inn.

Fram kom hjá þátttakendum að þeir teldu það einnig geta haft áhrif að gera fundi og námskeið aðlaðandi með því að setja þau fram sem mikilvæg tækifæri sem foreldrar ættu ekki að missa af. Að láta „orðið berast eins og þú sért að missa af einhverju vegna þess að fundirnir séu svo góðir“.

Að sama skapi var minnt á að börnin sjálf gætu einnig tekið þátt í að hvetja foreldra sína, til dæmis með því að minna þá á fundi með SMS-skilaboðum. Þetta hafði reynst vel í 8. bekk eins skóla. Einn kennari sagði: „Við fengum mjög góða mætingu í 8. bekk í fyrra og það var vegna þess að umsjónarkennarinn lét börnin sjálf senda SMS á foreldra, minna á fundinn í kvöld.“

Hindranir og þörf fyrir stuðning kennara

Þátttakandi af miðstigi minntist á að einu sinni hefðu verið ákveðnir tímar sem umsjónarkennarar væru til viðtals fyrir foreldra, svokallaður umsjónartími. Foreldrar nýttu þessa tíma ekki mikið en kennarar gátu nýtt þann tíma til að svara tölvupóstum frá foreldrum eða jafnvel hringja heim til nemenda. Fram kom að kennarar þyrftu að geta verið í opnum samskiptum við foreldra en til þess vantaði þá oft tíma.

Helsta hindrunin fyrir kennara í að sinna persónulegum samskiptum við foreldra er tímaskortur. Kennarar þurfa oft að nýta viðverutíma til að svara tölvupóstum eða hafa samband við foreldra, en skortur á tíma takmarkar þessa möguleika. Þátttakandi innan leikskólahópsins sagði jafnframt að hópurinn hennar hefði rætt um að:

[...] það hefur líka alveg loðið við að sem sagt kennarar eru svolítið hræddir við foreldra
[...] þannig að þú þarft að vera með dálítinn styrk í bakinu og standa fast í fæturna.

Nokkrir þátttakendanna frá leik- og grunnskólum sögðu það oft vera fyrir utan „verkahring kennaranna að sinna uppeldisfræðslu“ og að faglærðir sérfræðingar gætu komið að slíku starfi eða allavega til aðstoðar eða stuðnings við kennara. Fram kom að starfsmenn skóla þyrftu aukna fræðslu um uppeldi barna til að öðlast aukinn styrk til að ráða betur við samskipti við foreldra. Til þess þyrfti starfsfólkið undirbúningstíma og stuðning:

[...] að starfsmenn fái undirbúningstíma, fagþekkingu, reynslu, áhuga og það er ekki hægt að taka svona verkefni nema fá eitthvað á móti því að yfirleitt er mannekla staðan hjá okkur á leikskólanum og skortur á faglærðum.

Hjá þátttakendum kom fram að kostur þess að leik- og grunnskólar héldu utan um foreldrafræðslu væri að þeir hefðu beina tengingu við „alla foreldra“ á Íslandi. Með persónulegri nálgun er mögulegt að ná til foreldra sem annars myndu ekki mæta á námskeið. Skólarnir geta einnig skráð þátttöku foreldra og haft orð á því hversu „mikilvæg“ slík fræðsla er. Þátttakendur töldu að með því að efla jákvæð samskipti milli kennara og foreldra mætti binda vonir við að börnum vegnaði betur en ella í skólanum sem og að þeim liði betur.

Niðurstöðurnar undirstrika að foreldrafræðsla þarf að vera sveigjanleg, aðgengileg og reglubundin. Skólar hafa lykilhlutverki að gegna sem miðstöð fræðslu og samstarfs. Með því að nýta persónulega nálgun og skapa jákvæða menningu í kringum foreldrafræðslu er hægt að stuðla að farsæld barna og betra samstarfi heimila og skóla. Þetta kallar á skipulagt starf þar sem allir aðilar; foreldrar, kennarar og skólasamfélagið í heild, taka virkan þátt.

Umræður

Í þessari rannsókn var leitað svara við tveimur rannsóknarspurningum: (1) Hvert er hlutverk skólans í foreldrafræðslu? og (2) Hvaða leiðir eru færar til að efla samstarf leik- og grunnskóla við foreldra um stuðning við uppeldi og nám barna? Hér verða niðurstöðurnar settar í samhengi við fræðilegan bakgrunn rannsóknarinnar og rannsóknarspurningarnar ræddar.

Hlutverk leikskóla, grunnskóla og skólajónustu í foreldrafræðslu

Niðurstöðurnar sýna fram á mikilvægi leik- og grunnskóla sem lykilvettvangs fyrir foreldrafræðslu. Samkvæmt lögum og aðalnámskrám leik- og grunnskóla (Mennta- og menningarmálaráðuneyti, 2011, 2012) er lögð rík áhersla á gott foreldrasamstarf og samþættingu þess við fræðslu. Þátttakendur rannsóknarinnar bentu á að foreldrafræðsla ætti að vera reglubundinn þáttur innan skólasamfélagsins og ná til allra foreldra á ólíkum stigum skólagöngu barna. Samt sem áður kom fram að aukinn stuðningur við kennara væri nauðsynlegur til að létta álagi af þeim og tryggja að foreldrafræðslan yrði aðgengileg öllum (Sigrún Aðalbjarnardóttir, 2019; Sigrún Helgadóttir og Hrund Þórarins Ingudóttir, 2021).

Kennarar lögðu áherslu á að foreldrafræðsla yrði að vera sveigjanleg og aðlöguð að þörfum foreldra. Þeir bentu á að fræðsla sem mætti foreldrum þar sem þeir væru staddir og væri merkingarbær fyrir þá yki innri hvata þeirra til þátttöku (Ryan og Deci, 2020). Með því að bjóða upp á sveigjanlegar lausnir og nýta jákvæða hvata, eins og afslátt af leikskólagjöldum, væri hægt að efla jákvætt viðhorf til fræðslunnar og auka þátttöku foreldra.

Einnig kom fram að skólarnir hefðu einstaka stöðu til að ná til foreldra vegna þess að þeir væru miðlægur vettvangur í lífi barna. Kennarar bentu þó á að foreldrar leituðu oft ekki til þeirra fyrr en vandamál hefðu orðið alvarleg. Þetta undirstrikar mikilvægi þess að veita foreldrafræðslu sem forvarnaraðgerð. Skólajónustan var talin skipta miklu máli í þessu samhengi, en þátttakendur bentu á að margir foreldrar vissu ekki af þeirri þjónustu sem hún byði upp á. Aukin upplýsingamiðlun og markvissari samskipti gætu bætt þetta.

Færar leiðir til að efla samstarf leik- og grunnskóla við foreldra

Rannsóknin varpar ljósi á að ný menning um foreldrafræðslu þarf að verða til þar sem þátttaka í fræðslu verður eðlilegur hluti af foreldrahlutverkinu. Þátttakendur lögðu áherslu á að foreldrafræðsla yrði sjálfsagður hluti samfélagsins og menningar skólans. Þessi nálgun er í takt við niðurstöður fyrri rannsókna sem sýna að jákvæð viðhorf og regluleg þátttaka í fræðslu auka traust, þekkingu og tengslanet foreldra (Sigrún Aðalbjarnardóttir, 2019; Thomas o.fl., 2005).

Þátttakendur bentu á ýmsar leiðir til að hvetja foreldra til þátttöku, þar á meðal að bjóða upp á kaffi eða snarl meðan á námskeiðum stendur. Einn þátttakandi nefndi dæmi þar sem pylsur og pössun barna höfðu skilað góðum árangri í að laða foreldra að. Með því að gera fundi og námskeið aðlaðandi og setja þau fram sem mikilvæg tækifæri má efla þátttöku foreldra. Að auki var bent á að foreldrafélög gætu gegnt mikilvægu hlutverki í að hvetja til þátttöku og skapa jákvætt viðhorf til foreldrafræðslu.

Til að koma foreldrafræðslu inn í daglegt starf skóla lögðu þátttakendur til að foreldrafélög og bekkjarfulltrúar hefðu virkt hlutverk í innleiðingu og kynningu á námskeiðum. Slík nálgun samræmist markmiðum aðalnámskráa leik- og grunnskóla (Mennta- og menningarmálaráðuneyti, 2011, 2012) og tillögum Heimilis og skóla (2010) um að foreldrar séu virkir þátttakendur í skólastarfi. Þátttakendur töldu að persónuleg tengsl milli kennara og foreldra gætu verið lykillinn að því að byggja upp traust og auka þátttöku. Þetta er í samræmi við kenningar Ryan og Deci (2020) um að persónuleg tengsl og innri hvatar séu grundvöllur árangursríkrar þátttöku.

Niðurstöður sýna að jákvæð viðhorf til foreldrafræðslu og trú á mikilvægi hennar eru grunnstoðir til að ná árangri. Með því að byggja upp traust milli foreldra og kennara, auka upplýsingamiðlun og bjóða upp á hvata, má bæta þátttöku. Hlutverk skólanna felst í að búa til umhverfi þar sem foreldrafræðsla er bæði aðgengileg og metin að verðleikum. Með samvinnu foreldra, kennara og skólasamfélagsins er hægt að ná því markmiði að foreldrafræðsla verði eðlilegur hluti af menningu samfélagsins og stuðli að farsæld barna og fjölskyldna.

Samantekt og lokaorð

Rannsóknin hefur bæði fræðilegt og hagnýtt gildi. Hún varpar ljósi á hvernig hægt er að innleiða heildstæða foreldrafræðslu í leik- og grunnskólum á Íslandi, með áherslu á þarfir foreldra, hvatningu til þátttöku þeirra og raunhæfar leiðir til framkvæmdar. Niðurstöður rannsóknarinnar gefa mikilvægar vísbendingar um leiðir til að styrkja samstarf heimila og skóla, þar sem foreldrafræðsla getur gegnt lykilhlutverki í að efla tengsl á milli þessara aðila. Hagnýtt gildi rannsóknarinnar liggur í að hún styður stefnumótun og þróun aðferða sem valdefla foreldra í uppeldishlutverki sínu, auka félagslegt stuðningsnet og stuðla þannig að farsæld barna og fjölskyldna í samfélaginu.

Titill greinarinnar var valinn til að endurspegla kjarnann í niðurstöðum rannsóknarinnar – þörfina á að breyta „kúltúrnum“ í samfélaginu til að skapa farveg fyrir árangursríkt þróunarverkefni í foreldrafræðslu. Mikilvægt er að draga úr fordómum tengdum því að foreldrar leiti sér aðstoðar og stuðnings. Foreldrafræðsla ætti ekki að vera úrræði sem gripið er til þegar vandamál eru orðin alvarleg, heldur sjálfsgættur og viðurkenndur hluti af lífshlaupi foreldra.

Leik- og grunnskólar gegna lykilhlutverki í foreldrafræðslu, enda leita foreldrar oft ráða til kennara um ýmis málefni barna. Rýnihópar rannsóknarinnar sýndu þó að kennarar upplifa oft skort á faglegri þekkingu til að sinna slíkri fræðslu. Þátttakendur lögðu til að faglærðir sérfræðingar innan skólanna eða utanaðkomandi aðilar gætu sinnt foreldrafræðslu í nánú samstarfi við kennara. Með þessari nálgun væri hægt að létta álagi af kennurum og tryggja faglegan grunn fyrir foreldrafræðsluna.

Niðurstöður rannsóknarinnar sýna fjölbreyttar leiðir til að mæta þörfum foreldra fyrir fræðslu um uppeldi barna sinna og til að efla samstarf heimila og skóla. Með innleiðingu laga um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna (nr. 86/2021) og þeim aðgerðum sem fylgja, eins og foreldrafræðslu innan veggja leik- og grunnskóla, er verið að valdefla foreldra. Eftir að rannsóknin var framkvæmd var ákveðið að innleiða foreldrafræðsluna *Tengjumst í leik* (e. *Invest in Play*), sem er liður í þessu ferli.

Niðurstöðurnar gefa til kynna að dagvinnutími henti best til að halda foreldrafræðslu, þar sem foreldrar þurfa þá ekki að fá pössun fyrir börn sín. Mikilvægt er að halda áfram að safna gögnum um hvaða tímasetningar henta mismunandi hópum, hvernig best sé að mæta þörfum foreldra og hvernig skapa megi menningu um foreldrafræðslu. Þátttakendur lögðu einnig áherslu á mikilvægi persónulegrar nálgunar, þar sem kennarar eða skólastarfsmenn hvetja foreldra persónulega til þátttöku. Beint samband, til dæmis í formi símtala, reyndist vera áhrifaríkara en fjöldapóstur.

Þátttakendur töldu einnig að hvetjandi umgjörð gæti ýtt undir þátttöku, eins og að bjóða upp á kaffi eða mat á námskeiðum. Sumir nefndu dæmi um að bjóða pylsur eða veita pössun á meðan námskeið stæði yfir, sem reyndist áhrifaríkt til að fá foreldra til að mæta.

Höfundar telja að hver leik- og grunnskóli þurfi að greina þarfir foreldrahópsins og nýta persónulega nálgun til að byggja upp traust. Með markvissum samskiptum og notkun innri og ytri hvata er hægt að ýta undir þátttöku foreldra í foreldrafræðslu. Slíkar aðferðir geta skapað sterkari tengsl milli heimila og skóla og stuðlað að farsæld barna og fjölskyldna í samfélaginu.

‘It’s All About Making the Culture’: Participation of Parents in Parent Education

The Minister of Education and Children in Iceland, in collaboration with the University of Iceland – School of Education, initiated a developmental project for parental education. This initiative seeks to empower parents and teachers while enhancing collaboration to support children’s development and learning. By integrating structured parenting programmes within kindergartens and elementary schools, the project aims to strengthen basic family services, and promote child and parent welfare. The long-term goal is to build a system where parental education is a foundational element in the Icelandic schools and parenting culture.

Parental education as a formal initiative is relatively new in Iceland, and research on parents' participation in such programmes remains limited. Teachers report that parents' engagement in school-organised events, including workshops and meetings, is notably low, despite legal mandates emphasising parents' responsibilities in their children's upbringing. Icelandic laws stress the importance of creating a loving, safe, and secure environment for children. This study aims to gather essential information to identify strategies for initiating parental education in Icelandic schools and to explore how to encourage parents to participate in these programmes at both kindergarten and elementary school levels.

To explore these issues, data were collected through 12 group interviews, with four distinct groups: preschool teachers, teachers at young elementary-school level, teachers of older elementary and middle-school children, and school service professionals. These interviews explored their experiences and perspectives, offering practical insights into the challenges and opportunities surrounding parental education. The project attracted significant interest, with participation from 25 kindergartens, 30 elementary schools, and seven school service offices, highlighting the demand for parental education.

Participants overwhelmingly agreed that schools are the most logical and accessible venues for parents to seek education about effective parenting practices. However, many teachers acknowledged lacking the tools and expertise needed to lead these programmes, particularly considering today's fast-paced and dynamic societal challenges. The discussions also emphasised the value from the fields of teachers' and other staff's experiences and daily interactions with parents and children. By involving them in the process, their practical knowledge was prioritised, ensuring that recommendations reflect real-world needs.

The findings reveal three key themes related to fostering parental participation in education programmes: increasing communication with parents, changing cultural habits around parenting, and adopting a more personal approach. Among these, transforming cultural perceptions emerged as the most critical factor. Parental education in Iceland is not yet normalised or widely perceived as a standard family service. Many parents experience stigma or shame when seeking support, highlighting the need for societal changes to reduce these barriers to enhance participation.

Participants also highlighted the challenges associated with parents' busy schedules and the difficulty of finding suitable times for extended educational programmes. Offering sessions during school hours (9 a.m. – 3 p.m.) was identified as a practical solution, eliminating the need for childcare. Additional incentives, such as providing refreshments, childcare services, or reduced school fees were suggested to boost attendance. For example, one school successfully increased attendance by offering snacks and childcare during sessions, creating a welcoming and convenient environment for parents.

The findings also emphasise the importance of direct, personal communication between schools and parents. Participants noted that individual invitations, such as phone calls or personalised messages, were more effective in encouraging attendance compared to impersonal mass emails or announcements. Building trust and making parents feel genuinely welcome were identified as key factors in driving participation. In one example shared by a teacher, parents felt more inclined to attend when schools actively followed up with them and demonstrated a sincere desire for their involvement.

The broader cultural shift required to normalise parental education involves creating a supportive narrative around it, where seeking education and support is seen as a strength rather than a weakness. The title of this article, 'It's All About Making the Culture', underscores this point. Participants stressed that parental education should become an

accepted and expected part of the parenting journey, much like attending prenatal classes or other routine parenting practices.

Ultimately, this study underscores the pivotal role of schools in shaping the culture of parental education in Iceland. By working closely with parents and addressing their practical needs, schools can create a supportive environment where parental education is accessible, meaningful, and valued. The findings from this project offer practical guidance for policymakers and the school community to implement sustainable parental education programmes, ensuring a positive impact on families and, by extension, the wider community. The next step, as indicated by the participants and echoed in this research, is to build on this momentum, normalise parental education, and foster a culture of collaboration between schools and families that supports children's growth and success.

Key words: parent education, collaboration, changing culture, parenting, development projects

Um höfunda

Guðbjörg Fjóra Hannesdóttir (gfh4@hi.is) lauk BA-prófi í uppeldis- og menntunarfræði 2022 frá Háskóla Íslands og MA-prófi í foreldrafræðslu og uppeldisráðgjöf 2024 frá sama skóla. Grein þessi er byggð á niðurstöðum meistaraverkefnisins.

Lóa Guðrún Gísladóttir (lgg@hi.is) er doktorsnemi og aðjunkt í uppeldis- og menntunarfræði og í foreldrafræðslu og uppeldisráðgjöf við Menntavísindasvið Háskóla Íslands. Hún lauk B.Sc.-gráðu í íþróttfræðum frá Háskólanum í Reykjavík 2016 og MA-gráðu í uppeldis- og menntunarfræðum frá Háskóla Íslands 2018 og bætti við sig foreldrafræðslu og uppeldisráðgjöf 2021 við sama skóla. Rannsóknir hennar snúa að kynheilbrigði ungmenna, háskólakennslu, velferð barna og ungmenna, foreldrafræðslu og uppeldisráðgjöf.

Anna Magnea Hreinsdóttir (amh@hi.is) er lektor við Menntavísindasvið Háskóla Íslands. Hún var leikskólastjóri til margra ára, leikskólafulltrúi og fræðslustjóri. Hún hefur tekið þátt í fjölmörgum innlendum og alþjóðlegum rannsóknarverkefnum og veitt skólum ráðgjöf. Rannsóknir hennar tengjast forystu og stjórnun, námskrárgerð og innra mati leikskóla með áherslu á lýðræðislega starfshætti. Þá hefur hún lagt áherslu á sjónarmið og þátttöku barna í rannsóknum sínum. Hún er formaður Félags um menntarannsóknir.

About the authors

Guðbjörg Fjóra Hannesdóttir (gudbjorg.fjola@gmail.com) completed a BA in education studies at University of Iceland in 2022 and MA in parent education in 2024. This research article is based on the findings from that thesis.

Lóa Guðrún Gísladóttir (lgg@hi.is) is a doctoral student and an adjunct lecturer in education studies and parent education at the School of Education, UI. She holds an MA in education studies 2018, with added parent education 2021, and a B.Sc. in sports science 2016 from Reykjavik University. Her research focuses on parent education, the well-being of children and young people, sexual and reproductive health among young people, and higher education.

Anna Magnea Hreinsdóttir (amh@hi.is) is an Assistant Professor at the University of Iceland, School of Education. She has worked as a preschool leader, a school officer, and a director of education and welfare for many years. She has participated in numerous

national and international research projects and provided consultation to schools. Her main research focus is on leadership, curriculum, and evaluation as well as children's voices, participation, and influence on preschool practices. She chairs the Icelandic Educational Research Association.

Heimildir

- Ainsworth, M. D. S. (2000). Infant-mother attachment. Í W. Craig (ritstjóri), *Childhood social development: The essential readings* (bls. 9–24). Blackwell.
- Ainsworth, M. D. S., Blehar, M. C., Waters, E. og Wall, S. N. (2015). *Patterns of attachment: A psychological study of the strange situation*. Routledge (frumútgáfa 1978).
- Annadís Greta Rúdólfsdóttir og Auður Magnús Auðardóttir. (2020). Skipulagið er komið út í bílskúr: Fjölskyldulíf, heimanám og COVID-19. *Sérít Netlu 2020 – Menntakerfi og heimili á tímum COVID-19*. <https://doi.org/10.24270/serritnetla.2020.17>
- Annadís Greta Rúdólfsdóttir og Auður Magnús Auðardóttir. (2024). „I feel like I am betraying my child“: The socio-politics of maternal guilt and shame. *Gender, Work & Organization*, 31(6), 2733–2748. <https://doi.org/10.1111/gwao.13124>
- Auður Magnús Auðardóttir. (2023). „Finnst ég aldrei standa mig og man ekki neitt“: Samviskubit, kvíði og skömm mæðra og feðra í tengslum við skóla- og tómstundavinnu barna. *Netla – Vef tímarit um uppeldi og menntun*. <https://doi.org/10.24270/netla.2023/17>
- Barnalög nr. 76/2003.
- Barnaverndarlög nr. 80/2002.
- Baumrind, D. (1966). Effects of authoritative parental control on child behavior. *Child Development*, 37(4), 887–907. <https://doi.org/10.2307/1126611>
- Belsky, J. (2006). Determinants and consequences of infant-parent attachment. Í L. Balter og S. Tamis-LeMonda (ritstjórar), *Child psychology: A handbook of contemporary issues* (2. útgáfa, bls. 53–60). Psychology Press.
- Bradly, R. H. (2019). Environment and parenting. Í M. H. Bornstein (ritstjóri), *Handbook of parenting, vol. 2: Biology and ecology of parenting* (3. útgáfa, bls. 474–518). Taylor & Francis Group. <https://doi.org/10.4324/9780429401459>
- Chuang, C.-C., Reinke, W. M. og Herman, K. C. (2020). Effects of a universal classroom management teacher training program on elementary children with aggressive behaviors. *School Psychology*, 35(2), 128–136. <https://doi.org/10.1037/spq0000351>
- Clarke, V. og Braun, V. (2013). *Successful qualitative research: A practical guide for beginners*. Sage. https://www.researchgate.net/publication/256089360_Successful_Qualitative_Research_A_Practical_Guide_for_Beginners
- Collins, W. A. og Madsen, S. D. (2019). Parenting during middle childhood. Í M. H. Bornstein (ritstjóri), *Handbook of parenting* (3. útgáfa, bls. 81–110). Taylor & Francis Group.
- Cook, K. D., Dearing, E. og Zachrisson, H. D. (2018). Is parent–teacher cooperation in the first year of school associated with children's academic skills and behavioral functioning? *International Journal of Early Childhood*, 50, 211–226. <https://doi.org/10.1007/s13158-018-0222-z>
- Demick, J. (2002). Stages of parental development. Í M. H. Bornstein (ritstjóri), *Handbook of parenting 3: Being and becoming a parent* (2. útgáfa, bls. 389–413). Erlbaum.
- Doepke, M. og Zilibotti, F. (2024). The role of parenting in child development. Í A. Deaton (ritstjóri), *Oxford Open Economics*, 3(S1), 741–748. <https://doi.org/10.1093/ooec/odad074>
- Epstein, J. L. (2011). *School, family, and community partnerships: Preparing educators and improving schools* (2. útgáfa). Routledge.

- Erla Sif Markúsdóttir og Lilja M. Jónsdóttir. (2016). „Þegar maður finnur að krökkunum líður vel og eru kátir í skólanum, þá er takmarkinu náð“: Um hlutverk, ábyrgð og skyldur umsjónarkennara. *Netla – Vef tímarit um uppeldi og menntun*. https://netla.hi.is/greinar/2016/ryn/04_ryn_arsrit_2016.pdf
- Heilsugæsla höfuðborgarsvæðisins. (e.d.). *Námskeið og hóptímar*. <https://www.heilsugaeslan.is/serthjonusta/namskeid/>
- Heimili og skóli. (e.d.). *Farsældarsáttmálinn*. <https://www.heimiliogskoli.is/farsaeldarsattmalinn>
- Heimili og skóli. (2010). *Handbók foreldrafélaga grunnskóla*. https://assets-global.website-files.com/60e71b181988600ec97c52e5/61ae1674da7b2b35e322eb64_HS_Handb%C3%B3k_grunnsk%C3%B3la-sept-15-1.pdf
- Herman, K. C. og Reinke, W. M. (2017). Improving teacher perceptions of parent involvement patterns: Findings from a group randomized trial. *School Psychology Quarterly*, 32(1), 89–104. <https://doi.org/10.1037/spq0000169>
- Hornby, G. og Lafaele, R. (2011). Barriers to parental involvement in education: An explanatory model. *Educational Review*, 63(1), 37–52. <https://doi.org/10.1080/00131911.2010.488049>
- Hornstra, R., van der Oord, S., Staff, A. I., Hoekstra, P. J., Oosterlaan, J., van der Veen-Mulders, L., Luman, M. og van den Hoofdakker, B. J. (2021). Which techniques work in behavioral parent training for children with ADHD? A randomized controlled microtrial. *Journal of Clinical Child and Adolescent Psychology*, 50(6), 888–903. <https://doi.org/10.1080/15374416.2021.1955368>
- Hrund Þórarinsdóttir og Sigrún Aðalbjarnardóttir. (2010). Sýn foreldra á uppeldishlutverk sitt. Í Salvör Nordal, Sigrún Júlíusdóttir og Vilhjálmur Árnason (ritstjórar), *Velferð barna, gildismat og ábyrgð samfélags* (bls. 117–133). Siðfræðistofnun; Háskólaútgáfan.
- HRönn Valgeirsdóttir, Hrund Þórarins Ingudóttir og Annadís Greta Rúdólfssdóttir. (2022). „Það er erfitt að lasta foreldra fyrir að hafa ekki tíma fyrir börn sín“: Þörf á foreldrafræðslu: Sjórnarhorn deildarstjóra leikskóla. Í Jóhanna Einarsdóttir (ritstjóri), *Leikandinn* (bls. 431–452). Háskólaútgáfan.
- Kohlberg, L. (1969). Stage and sequence: The cognitive-developmental approach to socialization. Í D. A. Goslin (ritstjóri), *Handbook of socialization theory and research* (bls. 347–480). Rand McNally.
- Lavrič, M. og Naterer, M. (2020). The power of authoritative parenting: A cross-national study of effects of exposure to different parenting styles on life satisfaction. *Children and Youth Services Review*, 116, 105274. <https://doi.org/10.1016/j.chldyouth.2020.105274>
- Lög um grunnskóla nr. 91/2008.
- Lög um leikskóla nr. 90/2008.
- Lög um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna nr. 86/2021.
- Maccoby, E. E. og Martin, J. A. (1983). Socialization in the context of the family: Parent-child interaction. Í P. H. Mussen og E. M. Hetherington (ritstjórar), *Handbook of child psychology: Socialization, personality, and social development* (4. útgáfa, bls. 1–101). Wiley.
- Mennta- og menningarmálaráðuneyti. (2011). *Aðalnámskrá grunnskóla 2011: Almennur hluti*.
- Mennta- og menningarmálaráðuneyti. (2012). *Aðalnámskrá leikskóla 2011*.
- Merriam, S. B. og Bierema, L. L. (2014). *Adult learning: Linking theory and practice*. Jossey-Bass.
- Morris, A. S., Jespersen, J. E., Cosgrove, K. T., Ratliff, E. L. og Kerr, K. L. (2020). Parent education: What we know and moving forward for greatest impact. *Family Relations*, 69(3), 520–542. <http://doi.org/10.1111/fare.12442>
- Ndengeyingome, A., Jacob, M. H., Beaulieu-Kratchanov, V. og Séguin, M. (2022). Parenting competencies supporting the development of social and emotional skills of children – a scoping review. *Trends in Psychology*, 32, 425–448. <https://doi.org/10.1007/s43076-022-00194-3>
- Newberger, C. (1980). The cognitive structure of parenthood: Designing a descriptive measure. *New Directions for Child and Adolescent Development*, (7), 45–67. <https://doi.org/10.1002/cd.23219800705>
- Newberger, C. M. (1987). Time, place, and parental awareness: A cognitive-developmental perspective on family adaptation and parental care. Í R. J. Gelles og J. B. Lancaster (ritstjórar), *Child abuse and neglect: Biosocial dimensions* (bls. 233–251). Aldine de Gruyter.

- Overbeek, G., van Aar, J., de Castro, B. O., Matthys, W., Weeland, J., Chhangur, R. R. og Leijten, P. (2021). Longer-term outcomes of The Incredible Years parenting intervention. *Prevention Science*, 22, 419–431. <https://doi.org/10.1007/s11121-020-01176-6>
- Parke, R. D., Killian, C. M., Dennis, J., Flyr, M. L., McDowell, D. J., Simpkins, S., Kim, M. og Wild, M. (2002). Managing the external environment: The parent and child as active agents in the system. Í L. Kuczynski (ritstjóri), *Handbook of dynamics in parent-child relations* (bls. 247–269). Sage.
- Piaget, J. (1965). *The moral judgement of the child*. Free Press.
- Ragný Þóra Guðjohnsen og Ársæll Arnarsson. (2021). Vímuefnaneysla ungmenna skoðuð í ljósi líðanar þeirra og tengsla við foreldra. *Sérít Netlu 2021 – HBSC og ESPAD rannsóknirnar*. <https://doi.org/10.24270/serritnetla.2021.9><https://doi.org/10.24270/serritnetla.2021.9>
- Rebicova, M. L., Veselska, Z. D., Husarova, D., Klein, D., Geckova, A. M., van Dijk, J. P. og Reijneveld, S. A. (2020). Does family communication moderate the association between adverse childhood experiences and emotional and behavioral problems? *BMC Public Health*, 20, 1264. <https://doi.org/10.1186/s12889-020-09350-9>
- Reglugerð um skóláþjónustu sveitarfélaga við leik- og grunnskóla og nemendaverndarráð í grunnskólum nr. 444/2019.
- Rogers-Tanner, S. og Rothe, M. I. (2016). *The benefits of parenting education: A literature review for Wilder's child development center*. Wilder Research.
- Ryan, R. M. og Deci, E. L. (2020). Intrinsic and extrinsic motivation from a self-determination theory perspective: Definitions, theory, practices, and future directions. *Contemporary Educational Psychology*, 61, 101860. <https://doi.org/10.1016/j.cedpsych.2020.101860>
- Rønning, S. B. og Bjørkly, S. (2019). The use of clinical role-play and reflection in learning therapeutic communication skills in mental health education: An integrative review. *Advances in Medical Education and Practice*, 10, 415–425. <https://doi.org/10.2147/AMEPS202115>
- Seabra-Santos, M. J., Gaspar, M. F., Azevedo, A. F., Homem, T. C., Guerra, J., Martins, V., Leitão, S., Pimintel, M., Almeida, M. og Moura-Ramos, M. (2016). The Incredible Years parent training: What changes, for whom, how, for how long? *Journal of Applied Developmental Psychology*, 44, 93–104. <https://doi.org/10.1016/j.appdev.2016.04.004>
- Selman, R. L. (1980). *The growth of interpersonal understanding: Developmental and clinical analyses*. Academic Press.
- Siegel, D. J. og Hartzell, M. (2014). How we attach: Relationships between children and parents. Í *Parenting from the inside out: How a deeper self-understanding can help you raise children who thrive* (10. útgáfa, bls. 151–183). Penguin; Random House.
- Sigrún Aðalbjarnardóttir. (2019). *Lífssögur ungs fólks: Samskipti, áhættu hegðun, styrkleikar*. Háskólaútgáfan.
- Sigrún Helgadóttir og Hrunn Þórarins Ingudóttir. (2021). „Núna eru allir einhvern veginn rosa uppteknir og það er enginn sem svona heldur utan um krakkana“: Þörf á foreldrafræðslu: Sýn umsjónarkennara á miðstigi grunnskóla. *Sérít Netlu 2021 – Menntakvika 2021*. <https://doi.org/10.24270/serritnetla.2021.3>
- Sigrún Júlíusdóttir. (2010). Tíminn og barnið: Um ratarask og foreldraást. Í Salvör Nordal, Sigrún Júlíusdóttir og Vilhjálmur Árnason (ritstjórar), *Velferð barna, gildismat og ábyrgð samfélags* (bls. 77–88). Siðfræðistofnun; Háskólaútgáfan.
- Smith, C., Perou, R. og Lesesne, C. (2002). Parent education. Í M. H. Bornstein (ritstjóri), *Handbook of parenting: Social conditions and applied parenting* (4. útgáfa, bls. 389–410). Erlbaum.
- Sóley S. Bender. (2016). Samræður í rýnihópum. Í Sigríður Halldórsdóttir (ritstjóri), *Handbók í aðferðafræði rannsókna* (bls. 299–312). Háskólinn á Akureyri.
- Stjórnarráð Íslands. (2023, 4. maí). *Auglýst eftir leik- og grunnskólum í þróunarverkefni um foreldraferni*. <https://www.stjornarradid.is/efst-a-baugi/frettir/stok-frett/2023/05/04/Auglyst-efir-leik-og-grunnskolum-i-throunarverkefni-um-foreldraferni/>
- Stjórnarráð Íslands. (2024, 9. ágúst). *Námskeið fyrir foreldra um uppeldi og nám að hefjast*. <https://www.stjornarradid.is/efst-a-baugi/frettir/stok-frett/2024/08/09/Namskeid-fyrir-foreldra-um-uppeldi-og-nam-ad-hefjast/>

- Thomas, R. (1996). Reflective dialogue parent education design. *Family Relations*, 45(2), 189–200. <https://doi.org/10.2307/585290>
- Thomas, R., Cooke, B. og Scott, M. (2005). Strengthening parent-child relationships: The reflective dialogue parent education design. *Zero to Three*, 26(1), 27–34. <https://eric.ed.gov/?id=EJ808187>
- Thompson, A. M., Herman, K., Stormont, M., Reinke, W. M. og Webster-Stratton, C. (2017). Impact of The Incredible Years on teacher perceptions of parental involvement: A latent transition analysis. *Journal of School Psychology*, 62(2), 51–65. <https://doi.org/10.1016/j.jsp.2017.03.003>
- Walker, S. (2011). Parent education in the United States. Í *Developing strategies for activating education for parents with children in early childhood* [titill þýddur]. Korea institute of childcare and education.
- Webster-Stratton, C. og Reid, M. J. (2010). Adapting The Incredible Years, an evidence-based parenting programme, for families involved in the child welfare system. *Journal of Children's Services*, 5(1), 25–42. <https://doi.org/10.5042/jcs.2010.0115>
- Webster-Stratton, C. og Reid, M. J. (2017). The Incredible Years parents, teachers, and children training series: A multifaceted treatment approach for young children with conduct problems. Í J. R. Weisz og A. E. Kazdin (ritstjórar), *Evidence based psychotherapies for children and adolescents* (3. útgáfa, bls. 122–141). Guildford Press.



Guðbjörg Fjóla Hannesdóttir, Lóa Guðrún Gísladóttir og Anna Magnea Hreinsdóttir (2025).

„Þetta snýst auðvitað alltaf um að búa til kúltúrinn“: Þátttaka foreldra í foreldrafræðslu í leik- og grunnskólum

Netla – Vef tímarit um uppleði og menntun. Menntavísindasvið Háskóla Íslands.

<http://netla.hi.is>

DOI: <https://doi.org/10.24270/netla.2025/1>